

Fjármálaráðuneytið
Tekju- og lagaskrifstofa

15. maí 2008.

Minnisblað

Efni: Hugtökin endurskoðandi og endurskoðun í frumvarpi til laga um endurskoðendur

Til: Efnahags- og skattanefndar
Frá: Tekju- og lagaskrifstofu

Hugtakið endurskoðandi

Eins og fram kemur í upphafi athugasemda við frumvarp til laga um endurskoðendur er tilgangur frumvarpsins að innleiða 8. félagatilskipun Evrópusambandsins um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga. Tilskipunin er því takmörkuð við lögboðna endurskoðun ársreikninga en tekur ekki mið af endurskoðun sem er ekki lögboðin. Í skilgreiningum tilskipunarinnar í 2. gr. eru notuð hugtökin „statutory audit“ fyrir lögboðna endurskoðun og „statutory auditor“ fyrir endurskoðanda sem hefur réttindi til þess að framkvæma hina lögboðnu endurskoðun. Í tilskipuninni er því ekki verið að greina á milli endurskoðenda sem sérhæfa sig í að votta áreiðanleika reikningsskila og annars konar endurskoðenda, heldur einungis að árétta að átt er við lögboðna endurskoðun.

Frumvarpinu til laga um endurskoðendur er ætlað að ná til allrar endurskoðunar ársreikninga og samstæðureikninga, hvort sem endurskoðunin er lögboðin eða ekki eins og fram kemur í athugasemd um 9. gr. frumvarpsins. Í danskri löggjöf eru notuð heitin „statsautorisered revisor“ og „registrered revisor“ og er þar ekki verið að greina á milli endurskoðenda sem votta áreiðanleika fjárhagsupplýsinga og annars konar endurskoðenda. Bæði starfsheitið ná til álitgerðar á fjárhagsupplýsingum eins og fram kemur í 3. gr. hinna dönsku laga.

Takmörkun hugtaksins „endurskoðandi“ við þann sem gefur hlutlaust og áreiðanlega álit á reikningsskilum og öðrum fjárhagsupplýsingum eins og gert er í 1. gr. frumvarpsins er engin breyting frá núgildandi lögum eins og fram kemur í athugasemd um 1. gr. Hins vegar er ljóst að þetta hugtak hefur verið notað um aðra en þá sem falla undir skilgreiningu 1. gr. frumvarpsins eins og t.d. „innri endurskoðandi“ (*Certified Internal Auditor*). Með hliðsjón af því sem fram kemur í umsögn um 6. mgr. 4. gr. frumvarpsins er starfsheitið „innri endurskoðandi“ sérstaklega undanþegið en ekki önnur starfsheiti sem tengjast annars konar endurskoðun.

Við undirbúning frumvarpsins var töluvert rætt um hugtökin „löggiltur endurskoðandi“ annars vegar og hins vegar „endurskoðandi“. Nefndin sem vann að gerð frumvarpsins komst að þeirri niðurstöðu að markaðurinn myndi ekki gera greinarmun á „löggiltum endurskoðanda“ og

„endurskoðanda“. Því er litið svo á að sú tillaga að setja orðið „löggiltur endurskoðandi“ í stað „endurskoðandi“ geti ekki gengið.

Í umsögn Deloitte koma fram svipaðar hugleiðingar um starfsheitið endurskoðandi og þar er fjallað um það sama og kemur fram hér á undan um „endurskoðanda upplýsingakerfa“.

Ef ekki þykir mögulegt að takmarka notkunina á hugtakinu „endurskoðandi“ eins og gert er í frumvarpinu telur ráðuneytið að minnsta kosti nauðsynlegt að umorða 6. mgr. 4. gr. þannig að öðrum en endurskoðendum og endurskoðunarfyrirækjum sé óheimilt að nota orðið „endurskoðandi“ sem sjálfstætt starfsheiti.

Hugtakið endurskoðun

Þegar fjallað er um hugtakið endurskoðun telur ráðuneytið það lykilatriði að taka tillit til þess að um endurskoðun gilda sérstakir alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar sem verða innleiddir í íslensk lög að einhverjum tíma liðnum. Þessum stöðlum er ætlað að stuðla að því að framkvæmd endurskoðunar sé með þeim hætti að hún leiði til rökstuddrar niðurstöðu sem fram kemur í áritun endurskoðenda á reikningsskil og hinir margvíslegu hagsmunaaðilar geta reitt sig á. Markmið endurskoðunar er að gæta almennra fremur en sértækra hagsmuna notenda reikningsskila. Um annars konar endurskoðun gilda ekki slíkir staðlar.

Það er villandi að fjalla um stjórnsluendurskoðun og umhverfisendurskoðun í þessu sambandi en þessi tegund endurskoðunar (eins og það hefur verið kallað) lýtur engum slíkum leiðbeinandi reglum eins og gilda um endurskoðun fjárhagsupplýsinga. Miklu eðlilegra væri að tala um „úttekt“ í því sambandi.

Ef ekki þykir mögulegt að takmarka notkunina á hugtakinu „endurskoðun“ eins og lagt er til í frumvarpinu telur ráðuneytið nauðsynlegt að kveða á um að ekki sé heimilt að nota hugtakið „endurskoðun“ án takmörkunar.